



Mat á raunfærni og gildi færinnar

VEGVÍSIR
2018

NVL 2015

© Norrænt tengslanet um nám fullorðinna

www.nvl.org

ISBN 978-9935-9155-6-6


Útgáfa þessarar skýrslu er styrkt af
Norrænu ráðherranefndinni

Umbrot: Marika
Kaarlela /Gekkografia
Skaparinn
auglýsingastofa



Efnisyfirlit

- ④ Gildi færninnar
- ⑥ Kynning
- ⑦ Handbók
- ⑧ Markmið raunfærnimats
- ⑩ Raunfærnimatskerfi landa – hver getur aðkoma stjórnvalda verið?
- ⑭ Ábyrgð hagsmunaaðila og samstarf
- ⑮ Skipulag á landsvísu, innan sveitarfélaga og á svæðum
- ⑯ Upplýsingar, nám og stuðningur
- ⑰ Gæði, eftirfylgni og mat
- ⑱ Rammi Evrópusambandsins sem grunnur fyrir áframhaldandi þróun
- ⑳ Niðurstöður – Tækifæri, áskoranir og valmöguleikar
- ㉒ Bakgrunnur



Gildi færninnar

Eitt af því sem einkennir Norðurlöndin er hversu mikla færni er að finna á vinnumarkaði landanna, þar sem einstaklingar, fyrirtæki, samfélagið og félög nýta bæði tíma og auðlindir til þess að þróa gagnlega færni. Ör þróun á vinnumarkaði felur í sér að kröfur um færni þurfa að vera skilgreindar og þeim miðlað í auknum mæli. Samræma þarf þætti eins og ævinám einstaklinga, þörun við þarfir vinnumarkaðar og sveigjanleika menntakerfisins. Varanlegur og opinn vöxtur Norðurlanda veltur að miklu leyti á því að þeir innviðir sem stuðla að uppbyggingu færni virki vel – innviðir þar sem áhersla er lögð á þróun, sýnileika, mat, miðlun og samsvörun á milli framboðs á færni og krafna vinnumarkaðarins.

Hnattræn samkeppni hvað varðar atvinnutækifæri, námsumhverfi og félagslegar aðstæður, eru þættir sem krefjast stöðugrar uppfærslu á utanumhaldi færniþróunar (e. competence management). Í Vegvísi 2018 er veitt víðtæk sýn á raunfærnimat og er tilgangurinn að draga fram mynd af því hvernig raunfærnimat virkar. Raunfærnimat felur ekki aðeins í sér kortlagningu og mat á færni, heldur einnig miðlun niðurstaðna og hvernig þær geta gagnast einstaklingnum og samfélaginu. Til að svo megi verða þarf innra skipulag að styðja við ferlið sem, ekki aðeins er gagnlegt fyrir raunfærnimat, heldur einnig afar mikilvægt fyrir menntageirann og við þörun við færniskröfur vinnumarkaðarins.

Starfsmenntun



Straumur EQAVET
– trygging gæða í
starfsmenntun

EQF og
umsjónaraðili
innlands
hæfniramma



Europass rútan




Skólar

Hraðbraut hæfniviðmiða



ECVET – Borgin sem
safnar hlutavottun
(part qualifications)



Garður þriðja geirans

Ráðgjafarmiðstöð
fyrir ævinám



Aðalbraut hæfniviðmiða


Búð
færniþróunar



Listin að stunda
ævinám




Vinnumarkaðurinn,
aðilar vinnu-
markaðarins og
hagsmunaaðilar



ESCO – er staðlað evrópskt
flokkunarkerfi fyrir leikni,
hæfni og störf í Evrópu.

Ráðgjafarmiðstöð
fyrir ævinám





Kynning

Í tilmælum Ráðherraráðs ESB (Council recommendations) um mat á óformlegu og formlausu námi (raunfærnimati)¹ aðlöguðum að Council of the European Union, kemur fram að ríki Evrópusambandsins eigi, ekki síðar en 2018, að hafa komið á raunfærnimatskerfi sem er aðgengilegt þeim einstaklingum sem gætu haft not af því. Þar sem allar tegundir náms; formlegt, óformlegt og formlaust eru hluti af hugtakinu raunfærnimat á Norðurlöndunum verður það notað hér.

Nútíma samfélög hafa hag af því að styðja við nám fólks bæði hvað varðar getu og sveigjanleika. Horfa má á ævinám frá framúrstefnulegum og lýðræðislegum sjónarhornum sem miða að því að bæta lífsgæði, en jafnframt eru fjárhagslegir hvatar til staðar sem stýrt er af samfélagslegum og efnahagslegum hagsmunum og vinnumarkaðsstefnu. Raunfærnimat er mikilvægt tæki í allri umræðu um símenntun. NVL, Norrænt tengslanet um nám fullorðinna²,

hefur á sínum vegum sérfræðingaset³ fyrir raunfærnimat þar sem fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum, Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum taka fyrir áskoranir sem tengjast raunfærnimati. Sérfræðingasetið hefur dregið fram ábendingar og stuðningsefni sem framlag til þróunar raunfærnimats á Norðurlöndunum (Nordic region). Netið leggur áherslu á þá lykilþætti sem þurfa að vera til staðar til þess að kerfi landanna virki á árangursríkan hátt. Í þessum bæklingi eru mikilvæg viðmið fyrir þróun raunfærnimats á landsvísu, og fyrir þá innri þætti sem þurfa að styðja við það. Viðmið í þessu samhengi vísa til markmiða, skilgreindra árangursþátta, skipulags og framkvæmdar. Viðmiðin eru niðurstaða umræðu innan sérfræðingansins og byggja á reynslu á Norðurlöndum. Bæklingurinn er ætlaður stefnumótendum og öðrum aðilum sem eru virkir í þróun raunfærnimats og símenntunar, til dæmis fræðsluaðilum og aðilum vinnumarkaðarins.

1 Leiðbeiningar Ráðherraráðs ESB um raunfærnimat frá 20 desember, 2012/C 398/01:

[http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=celex:32012H1222\(01\)](http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=celex:32012H1222(01))

www.cedefop.europa.eu/EN/Files/Council_Recommendation_on_the_validation_20th_December_2012.pdf

2 NVL er Norrænt tengslanet fyrir nám fullorðinna, Norræna ráðherranefndin hefur falið Kompetanse Norge umsjón með verkefninu.

3 Listi yfir fulltrúa í sérfræðingasetinu er í viðauka 1.



Handbók

Vegvísi 2018 má nota sem gátlista til að varpa ljósi á stöðu þróunar á raunfærnimati í einstaka löndum og til samanburðar á ólíkum raunfærnimatskerfum. Vegvísinum er ætlað að vera mótandi skjal sem má aðlaga á marga vegu. Viðmið um þróun raunfærnimats eru flokkuð í kafla sem snúa að ólíkum þáttum í þróuninni og hlutverkum hagsmunaaðila. Í lok hvers kafla er spurningum varpað fram sem geta nýst í frekari umræðu um raunfærnimatskerfi einstakra landa. Eftirtaldir kaflar eru settir fram:





Markmið raunfærnimats

Samkvæmt Evrópskum leiðbeiningum um raunfærnimat⁴ á raunfærnimat að byggja á rétti einstaklingsins og þörfum hans. Raunfærnimat ætti að auka þátttöku í símenntun með því að opna aðgengi að námi og aðlögun þess náms sem í boði er. Raunfærnimat ætti að stuðla að betri aðlögun að vinnumarkaðnum. Þar að auki er raunfærnimat mikilvægt tæki til að gera einstaklingnum kleift að hafa stjórn á eigin aðstæðum sem virkur samfélagsþegn. Aðilar atvinnulífsins, fagfélög og fyrirtæki, sveitarfélög og fræðsluaðilar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta hvað varðar framþróun og eflingu á skilvirkni og sveigjanleika framboðs á færni (e. skills supply). Stjórnvöld og samfélagið hafa einnig sett sér markmið varðandi aðlögun ólíkra hópa að samfélaginu og hagnýtingu auðlinda þess.

VIÐMIÐ/MARKMIÐ:

1. Einstaklingurinn velur að taka þátt í raunfærnimati; heildarferlinu eða þeim hlutum sem henta honum best: Kortlagningu á færni, skráningu á færni, mati og viðurkenningu.
2. Raunfærnimat er framkvæmt til þess að styrkja innri hvata einstaklingsins og tækifæri til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi.
3. Meginmarkmið raunfærnimats eru: að opna aðgengi að námi, gera það einstaklingsmiðað og efla tækifæri einstaklinga á vinnumarkaði.
4. Raunfærnimati er einkum ætlað að ná til hópa sem standa fjarri námi og atvinnu í því skyni að koma í veg fyrir að þeir fái ekki tækifæri til færniþróunar.

4 Common European principles on identification and validation of non-formal and informal learning (2004)

“Raunfærnimat gerir nám á vinnustað sýnilegt”

5. Raunfærnimat er notað í víðara samhengi, eins og þegar skipt er um starf og er óaðskiljanlegur þáttur ævimenntunar.
6. Raunfærnimat er nýtt í námi og starfi sem tæki til að þróa og auka framboð á færni.
7. Raunfærnimat gerir sýnilegt það nám sem fer fram á vinnustað og styrkir þannig samstarf atvinnulífs og fræðsluaðila.

Spurningar til nánari hugleiðingar:

Hvaða viðhorf eru ríkjandi í raunfærnimati og möguleikum sem því tengjast? Frá pólitísku sjónarhorni? Hvernig er raunfærnimat kynnt í fjölmiðlum? Er raunfærnimat takmarkað við ákveðna hópa eða er það aðgengilegt fyrir alla sem geta haft hag af því? Er raunfærnimat nýtt sem stefnumarkandi tæki í fyrirtækjum til að þróa og tryggja gæði starfsemi þeirra?



Raunfærnimatskerfi landa – hver getur aðkoma stjórnvalda verið?

Stjórnvöld bera ríka ábyrgð á því að kynna forsendur og hvata sem felast í raunfærnimati svo um það ríki sátt, það sé aðgengilegt, fest í sessi með lögum og nýtt sem tæki. Burtséð frá því hvort valið hefur verið að stýra raunfærnimati miðlægt eða eftir dreifðum leiðum þá verða lög, fjármögnun, aðilar sem sjá um þjálfun fagaðila, eftirlit og viðurkenndir framkvæmdaraðilar að vinna saman að því að annast raunfærnimat. Það sama á við um aðrar kerfislægar stoðir sem eru nauðsynlegar til þess að gera niðurstöður raunfærnimats yfirfæranlegar/nýtanlegar. Opin kerfi hæfniviðmiða á landsvísu eru gott dæmi.

VIÐMIÐ FYRIR LÖGGJÖF

1. Einstaklingurinn á rétt á raunfærnimati (eða er skylda til þess bærs aðila).
2. Raunfærnimati er stýrt með landslögum.
3. Lög um raunfærnimat ná til menntunar á öllum þrepum.

Spurningar til nánari hugleiðingar varðandi löggjöf: ?

Eru lög um raunfærnimat til staðar? Kemur réttur einstaklingsins á raunfærnimati fram í lögunum? eru settar fram takmarkanir og/eða sérstök skilyrði? Að hvaða marki eru lögin innleidd, eru t.d. einhverjar kerfislægar hindranir? Gera lögin og reglugerðin ráð fyrir áfrýjunarferli?

4. Í þeim tilfellum sem óformleg námslok (non-formal qualifications) eru tengd við innlendan hæfniramma, um menntun og eru þau jafnframt hluti af lagasetningu um raunfærnimat.
5. Í þeim tilfellum sem vottun/mat er framkvæmt af opinberum yfirvöldum ætti einstaklingurinn að hafa rétt á að áfrýja.

VIÐMIÐ FYRIR FJÁRMÖGNUN

1. Raunfærnimat byggir á varanlegri fjármögnun sem samræmist lögum um rétt einstaklingsins og gæðakröfum ef þær eiga við.
2. Umsjónaraðilar raunfærnimats eru fjármagnaðir á öllum stigum menntakerfisins og í samræmi við þá verkþætti raunfærnimats sem þeir sinna.
3. Fjármögnun raunfærnimats tekur ekki aðeins mið af raunfærnimati innan formlega skólakerfisins, heldur einnig innan óformlega geirans.
4. Einstaklingurinn á rétt á námsláni/styrk eða annars konar stuðningi meðan á raunfærnimatsferlinu stendur.
5. Fjármögnun nær til allrar færniþróunar sem þörf er á til að mæta settum viðmiðum raunfærnimatsins.

VIÐMIÐ FYRIR MENNTUN OG ÞJÁLFUN FAGAÐILA Í RAUNFÆRNIMATI:

1. Menntun fagaðila í raunfærnimati (t.d. náms- og starfsráðgjafa og kennara) er lögvernduð í landinu og í henni felst skyldunámskeið í raunfærnimati.
2. Hæfniviðmið fyrir fagaðila í raunfærnimati eru vel skilgreind og skylda að þeir uppfylli þau.

? Spurningar til nánari athugunar varðandi fjármögnun:

Er fjármögnun raunfærnimats sjálfbær og hindrar hún upplausn raunfærnimatsferlisins? Nær fjármögnunin til alls þess kostnaðar sem snýr að einstaklingnum sem tekur þátt? Er munur á fjármögnun raunfærnimats innan og utan formlega skólakerfisins? Er fjármögnun raunfærnimatsins tryggð með lögum ?

? Spurningar til nánari hugleiðingar varðandi fagaðila í raunfærnimati:

Er staðlað vottunarkerfi raunfærnimats fyrir fagaðila í raunfærnimati til staðar? Er gerð krafa um að fagaðilar séu þjálfaðir eða vottaðir? Ná lög og reglugerðir yfir færni fagaðila?

VIÐMIÐ FYRIR UMSJÓNARAÐILA RAUNFÆRNIMATS:

1. Viðmið og leiðbeiningar sem umsjónaraðilum raunfærnimats ber skylda til að fylgja liggja fyrir.
2. Umsjónaraðilar með raunfærnimatsferlinu eru vottaðir af yfirvöldum (national body) eða eru vottaðir og hafa heimild til að annast starfsemi sína.
3. Vottun matsaðila er tengd gæðakerfi og ytra eftirliti.



Spurningar til nánari hugleiðingar varðandi umsjónaraðila raunfærnimats:

Samkvæmt evrópskum leiðbeiningum verður raunfærnimat að vera hlutlaust og laust við hagsmunaárekstra. Ef umsjónaraðilar raunfærnimats standa utan menntakerfisins, eru þeir þá vottaðir? Ef þeir eru hluti af menntakerfinu, eru verkþættir þeirra tengdir raunfærnimati vel skilgreindir og er haft eftirlit með þeim á einhvern hátt? Beita fagaðilar í raunfærnimati fjölbreyttum aðferðum í raunfærnimatsferlinu?



Spurningar til nánari hugleiðingar fyrir lögverndaðar starfsgreinar:

Tilskipun Evrópusambandsins um viðurkenningu á starfsmenntun⁵ stýrir viðurkenningu á menntun sem aflað hefur verið í öðrum löndum. Fyrir kemur að skjöl týnast, eða að námsferill rofni – hvernig er brugðist við slíku? Hvernig er menntun frá frá löndum utan Evrópu meðhöndluð? eru flóttamenn án pappíra aðstoðaðir við að fá menntun sína viðurkennda og þar með komið í veg fyrir að þeir þurfi að fara í gegnum hana aftur frá byrjun?

VIÐMIÐ FYRIR LÖGGILTAR STARFSGREINAR:

1. Þar til bærir aðilar fyrir lögverndaðar starfsgreinar eru hvattir til að framkvæma raunfærnimat þegar formleg skírteini til sönnunar á námi/gráðu frá öðru landi vantar.

5 Tilskipun 2013/55/EU Evrópuþingsins og Ráðherraráðs ESB 20. nóvember 2013, með viðauka við Tilskipun 2005/36/EC er varðar viðurkenningu á hæfni og reglugerð (EU) No. 1024/2012 um stjórn samstarfs um upplýsingakerfi innri markaðar.

VIÐMIÐ FYRIR SAMRÆMINGU Á MILLI MÁLAFLOKKA:

1. Stefna um raunfærnimat hefur verið samþykkt.
2. Hlutverk, ábyrgð og samræmdir verkþættir eru skilgreindir í stefnu opinberra stofnana og fyrir framkvæmd raunfærnimats samkvæmt lögum.
3. Stefna fyrir raunfærnimat innan ólíkra málaflokka (atvinna, menntun, fjármál o.s.frv.) er samræmd út frá raunfærnimati.
4. Í boði er nám til að öðlast þá færni sem upp á vantar út frá heildarviðmiðum matsins og náms- og starfsráðgjöf er hluti af skipulagi raunfærnimatsferlisins.

VIÐMIÐ FYRIR TÖLFRÆÐI OG EFTIRFYLGNI:

1. Viðkomandi framkvæmdaaðilar þurfa reglulega að skila tölulegum upplýsingum um raunfærnimat fyrir opinbera hagsýslugerð.
2. Þar til bær aðili ber ábyrgð á að fylgja eftir og meta alla starfsemi tengda raunfærnimati.
3. Réttur einstaklingsins til persónuverndar er tryggður.

VIÐMIÐ FYRIR SAMNÝTINGU VERKFÆRANNA: EQF⁶, EQAVET⁷, ECVET⁸, EUROPASS⁹, ÆVIRÁÐGJÖF¹⁰, RAUNFÆRNIMAT¹¹ OG ESCO¹²

1. Öll verkfærin hafa verið innleidd á landsvísu.

Spurningar til nánari hugleiðingar um samræmingu á milli málaflokka ?

Hefur stefna fyrir öll þrep verið mótuð? Eru stefnan tengd innri kerfum (á mismunandi þrepum og mismunandi hópum)? Er stefnan yfirfarin? Er stefnan endurskoðuð?

Spurningar til nánari hugleiðingar um tölfræði og eftirfylgni: ?

Liggja tölfræðiupplýsingar um raunfærnimat á landinu fyrir? Taka lög og reglugerðir á kerfi fyrir eftirfylgni?

Spurningar til nánari hugleiðingar um evrópsku verkfærin: ?

Liggur samþykkt, samræmd stefna um innleiðingu verkfæra fyrir? Er samvirkni höfð í huga?

2. Við innleiðinguna var tekið tillit til samvirkni verkfæra og fyrir liggja stefnur og skilningur á hvernig tækin virka saman.

6 European Qualifications Framework

7 European Quality Assurance in Vocational Education and Training

8 European Credit System for Vocational Education and Training

9 Five documents to make your skills and qualifications clearly and easily understood in Europe

10 Lifelong Guidance

11 Validation of Non-formal and Informal Learning

12 European Skills/Competences, Qualifications and Occupations



Ábyrgð hagsmunaaðila og samstarf

Hagsmunaaðilar bera ábyrgð á lögmæti, gæðum og viðmiðum sem notuð eru í raunfærnimatsferlinu. Ef stjórnvöld bera megin ábyrgð á uppbyggingu raunfærnimats, má segja að hagsmunaaðilar beri ábyrgð á innihaldinu. Spurningar sem hagsmunaaðilar ættu að vinna með gætu meðal annars varðað stöðlun, lögmæti, vottun/hlutavottun/hæfniviðmið, aðgengi að námi og einstaklingsmiðuðu námi, samstarfi/samhæfingu á milli fræðsluaðila og vinnumarkaðar.

VIÐMIÐ FYRIR ÞÁTTTÖKU HAGSMUNAAÐILA:

1. Viðeigandi tengslanet og innri kerfi/ innviðir fyrir raunfærnimat eru til staðar.
2. Aðilar atvinnulífsins, leiðandi fræðsluaðilar, atvinnugreinar og aðrir hagsmunaaðilar eiga samstarf um hönnun viðmiða í raunfærnimati, hæfniviðmið, vottun o.s.frv.
3. Samstarf, t.d. varðandi þróun viðmiða og hæfniflokka leiðir til aukins samþykkis og gagnsæis á milli menntunar og atvinnulífs.
4. Hlutavottunum er hægt að safna úr mismunandi samhengi ævimenntunar, því raunfærnimat hefur sama lögmæti/gildi og menntun.

Spurningar til nánari hugleiðingar um þátttöku hagsmunaaðila: ?

Hvaða hagsmunaaðilar taka þátt í umræðum, þróun og rekstri raunfærnimatskerfisins? Hvernig vinna hagsmunaaðilar saman? Eru hagsmunaaðilar þátttakendur í þróun viðmiða? Hver er aðkoma hagsmunaaðila að stefnumótun tengdri raunfærnimati? Hverjir bera ábyrgð á þróun viðeigandi aðferðafræði fyrir raunfærnimat? Eru aðferðirnar áreiðanlegar og gildar (t.d. aðstoðarmatsaðilar)? Hæfa aðferðirnar tilgangi matsins? Þjóna aðferðirnar einstaklingnum? Hæfa þær faginu?

5. Hagsmunaaðilar hvetja fyrirtæki til að bera ábyrgð á raunfærnimati og líta á það sem ómissandi lið í því að efla og skrá færni starfsmanna.
6. Aðilar atvinnulífsins líta á raunfærnimat sem mikilvægan hluta af þeirra samningum.



Skipulag á landsvísu, hjá sveitarfélögum og svæðisbundið

Skýr skipting ábyrgðar er forsenda þess að raunfærnimatskerfi landsins virki og þarf að ná til allra þrepa stjórnýslunnar. Samhæfing innan sveitarfélaga, svæðisbundið aðgengi að raunfærnimati sem og samhæfing náms- og starfsráðgjafar þarf að byggjast á skýru skipulagi.


VIÐMIÐ FYRIR SKIPULAG:

1. Í raunfærnimatskerfi landsins kemur skipan hlutverka og skipting skýrt fram.
2. Einstaklingar og fagfólk hafa aðgengi að ráðgjöf og raunfærnimati.
3. Ráðgjöf í símenntun og raunfærnimati er samtvinnuð og aðgengileg innan sveitarfélaga, fyrir alla þá sem þarfnast hennar.
4. Hámarks biðtími til að komast í raunfærnimatsferli er sex mánuðir.
5. Raunfærnimat er framkvæmt á hagkvæman hátt og kostnaður lægri en samsvarandi menntun.

Spurningar til nánari hugleiðingar um skipulag: ?

Er kerfið byggt á einstaka verkefnum eða er það innbyggt í hefðbundin kerfi? Er það hluti af hæfnivottunarkerfinu? Er ráðgjöf óaðskiljanlegur þáttur af raunfærnimatskerfinu? Er kerfið hlutlaust gagnvart hagsmunaaðilum? Hver ber ábyrgð á raunfærnimati? Hvernig tengist raunfærnimat menntakerfinu og atvinnulífinu? Er það skilvirkt? Er kerfið aðgengilegt landfræðilega og fyrir mismunandi markhópa?

6. Einstaklingurinn hefur tækifæri til að taka þátt í áframhaldandi færniþróun samkvæmt niðurstöðum raunfærnimats (t.d. fá skirteini eða vottun).



Upplýsingar, menntun og stuðningur

Vitneskja almennings og fyrirtækja um raunfærnimat er afgerandi þáttur ef það á að verða jafn sjálfsagður valmöguleiki og menntun, bæði hvað varðar ævimenntun einstaklingsins og skipulagðar aðferðir við færniþróun í fyrirtækjum. Skýr hugmyndafræðilegur grunnur, skýrar leiðbeiningar, aðgengilegar upplýsingar, opin námstækifæri og tækifæri til færniþróunar í tengslum við raunfærnimat eru allt mikilvægir þættir við framkvæmd raunfærnimats á landsvísu.

VIÐMIÐ FYRIR UPPLÝSINGAR

1. Skilgreiningar, hugtök og viðmið eru ótvíræð og hluti af ramma fyrir raunfærnimat á landsvísu.
2. Til eru leiðbeiningar/rammi um framkvæmd raunfærnimats á landsvísu.
3. Viðmiðum og leiðbeiningum fyrir raunfærnimat er miðlað í öllu viðeigandi samhengi.
4. Til eru opin námskeið um raunfærnimat, t.d. á netinu.
5. Óháðir, gæðavottaðir aðilar geta metið og viðurkennt sérfræðipækkingu á raunfærnimati.
6. Í boði er símenntun fyrir þá sem vinna við raunfærnimat (s.s. náms- og starfsráðgjafa, kennara og ráðgjafa vinnumiðlana).
7. Tengslanetum hefur verið komið á þar sem jafningjafræðsla getur farið fram.

Spurningar til nánari hugleiðingar um upplýsingar:



Hefur fagfólk aðgengi að stuðningi í gegnum tengslanet? Hvernig er stuðningurinn skipulagður? Hvernig eru einstaklingar og hagsmunaaðilar upplýstir um raunfærnimatskerfið? Hvar finnur þú upplýsingar um raunfærnimatskerfið? Er kerfið gagnsætt? Er markmið raunfærnimatsferlisins skýrt? Er það gagnsætt með tilliti til þeirra sem eru hluti af ferlinu? eru viðmiðin þekkt og lögmæt?



Gæði, eftirfylgni og mat

Ef raunfærnimat á að öðlast viðurkenningu og nýtast til vottunar á hæfni sem er jafngild hefðbundinni menntun er nauðsynlegt að leggja áherslu á gæðamál. Til að ná þessu markmiði þurfa gæðaviðmið í raunfærnimat frá upphafi að vera strangari en fyrir hefðbundið nám. Að auki þurfa stjórnámálameinn/stefnumótendur viðeigandi grunnupplýsingar eins og tölfræði, rannsóknir á áhrifum og svo framvegis. Koma þarf á skráningarkerfi á landsvísu og setja af stað eftirlit, mat og rannsóknir. Grundvallarviðmið í raunfærnimati er að öll gögn tilheyra einstaklingnum. Þess vegna er mikilvægt að aðeins lokaniðurstöður séu skráðar og geymdar af yfirvöldum, t.d. skjöl sem viðurkennd hafa verið af viðeigandi yfirvaldi og eru einstaklingnum til hagsbóta.

VIÐMIÐ FYRIR GÆÐI, EFTIRFYLGNI OG MAT

1. Vottun á formlegri og annarskonar færni í gegnum raunfærnimat er skráð og varðveitt til að efla áreiðanleika.
2. Tölfræði og upplýsingum sem styðja við eftirlit og mat er haldið til haga.

Spurningar til nánari hugleiðingar um gæðamál: ?

Er gæðakerfi til staðar? Hefur viðurkenndur aðili yfirsýn yfir raunfærnimatið? Eru í gildi lög og reglugerðir um eftirlitskerfi? Eru lög og reglugerðir um skráningu á niðurstöðum/vottun hæfni? Er fagfólk í raunfærnimati metið? Hvernig er það metið?

3. Rannsóknir sem miða að því að meta áhrif raunfærnimats eru framkvæmdar til að afla viðeigandi sönnunargagna fyrir stefnumótandi ákvarðanir og eflingu raunfærnimats.
4. Fjármagni er veitt til að framkvæma rannsóknir á raunfærnimati og niðurstöður birtar opinberlega.
5. Gæðaviðmið fyrir raunfærnimat á landsvísu eru skilgreind.
6. Viðeigandi yfirvöldum er falið að sinna umsjón og eftirliti með raunfærnimati.
7. Sömu gæðaviðmið gilda um vottun á hæfni utan formlega skólakerfisins og er það ferli gæðavottð á sambærilegan hátt.



Rammi Evrópusambandsins sem grunnur fyrir áframhaldandi þróun

Viðleitni innan Evrópu til að stuðla að hreyfanleika, gagnsæi og ævimenntun hefur, ásamt öðrum þáttum, leitt til þróunar nokkurra verkfæra og leiðbeininga eins og EQF, EQAVET, ECVET, Europass, ráðgjafar alla ævi, raunfærnimats og ESCO. Hvert og eitt hafa þessi verkfæri lítil áhrif en saman móta þau ramma sem getur veitt verulegan stuðning við símenntun og færniþróun fyrir vinnumarkaðinn. Löndin geta innleitt verkfærin á mismunandi máta og það má vel vera að önnur tæki geti verið hentug í ákveðnum tilgangi fyrir sum lönd eftir áherslum og ákvörðunum þeirra. Ramminn getur verið grunnur fyrir áframhaldandi þróun og til að vinna að umbótum á starfsmenntakerfum.

VIÐMIÐ FYRIR EQF

1. Innlendur hæfnirammur um menntun (NQF) hefur verið innleiddur.

?

Spurningar til nánari hugleiðingar um EOF:

Er innlendi hæfniramminn notaður til að koma á breytingum og þróun til þess að auka áherslu á niðurstöðu náms (e. learning outcomes)? Er það fræðsluaðilinn eða ferlar gæðakerfisins sem gera nám gilt?

2. Hæfnivottun tengd rammanum byggist á hæfniviðmiðum.
3. Hægt er að fá hæfnivottun tengda rammanum í gegnum raunfærnimat, bæði fullnaðarvottun og hlutavottun.
4. Innlendi hæfniramminn nær einnig til óformlegrar hæfnivottunar.
5. Efri þrep rammans eru opin fyrir hæfnivottun utan háskólanna.

” Hvernig eru ECVET einingar metnar í menntakerfinu?

ECVET VIÐMIÐ FYRIR :

1. Í landinu er til stefna um hvernig nýta megi ECVET fyrir hreyfanleika (e.mobility).
2. Stefna um ECVET nær einnig til sjónarhorns ævináms (LLL).
3. Tengingar við innlendan hæfniramma og raunfærnimat eru skýrar (þ.e. til að styðja við söfnun upp í hlutavottun í gegnum formlegt, óformlegt eða formlaust nám).
4. Gagnsæi er á milli ECTS¹³ og ECVET til að auka samhæfingu á milli háskólanáms og starfsmenntunar.

VIÐMIÐ FYRIR EQAVET:

1. Beiting EQAVET felur einnig í sér raunfærnimat.
2. Raunfærnimatið er undir eftirliti og ytri úttektir gerðar.
3. Hæfnivottun á óformlegu námi er undir kerfisbundnu gæðaeftirliti.

Spurningar til nánari hugleiðingar um ECVET:

Er ECVET aðallega tæki fyrir hreyfanleika innan formlega menntakerfisins eða hefur það verið útvíkkað til að styðja einstaklinga við að safna sér upp í hlutavottun jafnvel í gegnum óformlegt og formlaust nám? Hvernig eru ECVET einingar metnar í menntakerfinu?

Spurningar til nánari hugleiðingar um EQAVET:

Litið er á hæfnivottun sem samansafn hæfniviðmiða sem hægt er ná og staðfesta á marga vegu, til dæmis í gegnum nám eða raunfærnimat. Er almenna gæðalíkaninu, sem EQAVET lýsir, beitt fyrir nám og raunfærnimat tengdu formlegri hæfnivottun? Er sama kerfisbundna gæðaeftirlitinu beitt fyrir nám og raunfærnimat sem tengist óformlegri hæfnivottun/ hæfnivottun á óformlegu námi?

13 Evrópskt viðurkenningarkerfi fyrir námseiningar (e. European Credit Transfer System)

VIÐMIÐ FYRIR ÆVIRÁÐGJÖF:

1. Hlutlaus náms- og starfsráðgjöf er í boði (algjörlega byggð á þörfum einstaklingsins).
2. Boðið er upp á ráðgjöf fyrir hvern þann sem hefur þörf á henni.
3. Ráðgjöf gegnir skýru hlutverki í raunfærnimati.
4. Ráðgjöf er í boði fyrir einstaklinginn í öllu raunfærnimatsferlinu.
5. Ráðgjöfin styður einstaklinginn við að nýta niðurstöður raunfærnimatsins, með því að skipuleggja áframhaldandi færniþróun ef þörf er á.

VIÐMIÐ FYRIR EUROPASS:

1. Mat og viðurkenning á starfsmenntun og viðurkenning með prófskirteini, ef það á við, eru veitt í öllu formlegu starfsnámi sem viðhengi með Europass.
2. Stutt er við að Europass sé nýttur þegar kynningar fara fram á hlutavottun, færni, óformlegu og formlausu námi.

VIÐMIÐ FYRIR ESCO:

1. Til staðar er flokkunarkerfi á landsvísu fyrir leikni, færni, hæfnivottun og starfsgreinar sem hægt er að tengja við ESCO.
2. Flokkunin er nýtt til að auka gagnsæi og hreyfanleika á milli ólíkra atvinnugreina.
3. Flokka má persónulega færni og sértæka færni á kerfisbundinn hátt innan hugtakaramma landsins.
4. Þörf er á færni og þörfum atvinnulífsins (e. skills matching), raunfærnimati og menntun njóta stuðnings af flokkunarkerfi landsins sem er tengt við ESCO.



Spurningar til nánari hugleiðingar um æviráðgjöf:

Ákveðnar rannsóknarniðurstöður benda til þess að raunfærnimat nái ekki tilætluðum áhrifum án viðeigandi náms- og starfsráðgjafar. Er sjálfstæð og hlutlaus náms- og starfsráðgjöf í boði, alfarið byggð á þörfum og markmiðum einstaklingsins? Hefur ráðgjöfin virkt hlutverk í gegnum allt raunfærnimatsferlið?



Spurningar til nánari hugleiðingar um Europass:

Evrópska formið fyrir ferilskrá er notað í æ ríkari mæli. Mögulegt er að nýta þann hluta Europass sem nefnist evrópski færniþráttur til að skrá færni og reynslu. Nýtur sá möguleiki stuðnings eða er ráðlagður á landsvísu?



Spurningar til nánari hugleiðingar um ESCO:

Öll Norðurlöndin hafa einhverskonar flokkun á starfsnámi – flestar byggjast þær á alþjóðlegum viðmiðum ISCO. Til þess að hægt sé að para saman færni einstaklings við þarfir atvinnulífsins á rökréttari máta, er þörf á nákvæmari töflu. Einnig er mikilvægt að geta speglað almenna, yfirfæranlega starfsfærni. Til þess þarf að þróa kerfisbundna færni flokkun.



Niðurstöður

– tækifæri, áskoranir og valmöguleikar

Það tekur langan tíma að þróa raunfærnimatskerfi. Líta má á raunfærnimat sem hluta af hugarfarsbreytingu gagnvart ævinámi. Einnig má líta á það sem áherslubreytingu þar sem horft er á nám í stað menntunar og hæfniviðmið í stað námslýsingar. Hugtök eins og nám, færniþróun, hæfnivottun og hæfniviðmið eru í brennidepli. Sé litið á raunfærnimat frá þessu sjónahorni verður auðveldara að skilja af hverju beiting þessarar aðferðar þróast tiltölulega hægt. Til þess að viðurkenna færni og veita raunfærnimati aukið gildi er nauðsynlegt að leggja áherslu á þetta nýja sjónarhorn á óformlegt og formlaust nám.

Í Vegvísinum hefur Norrænt sérfræðinganeft NVL, um raunfærnimat sett fram nokkur viðmið og svið sem nýta má til þróunar á raunfærnimati. Eins og komið hefur fram, má nýta viðmiðin til að meta stöðu framkvæmdar í landinu eða innan skipulagsheildarinnar. Þannig geta viðmiðin hvatt til áframhaldandi þróunar. Í gegnum viðmiðin getur land eða aðilar borið sig saman við önnur lönd eða skipuheimildir. Það er von sérfræðingans að vegvísirinn hvetji til heildrænnar nálgunar, hraðari þróunar og styrkingu á stöðu Norðurlandanna sem skapandi, opnum og færniknúnum markaði.



Bakgrunnur

Norðurlöndin (Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands) hafa unnið að þróun raunfærnimatskerfa frá því málefnið kom fyrst fram hjá Evrópusambandinu í byrjun aldarinnar. Sum þeirra jafnvel fyrr – sem er ein af ástæðunum fyrir því að talið er að raunfærnimat gagnist bæði einstaklingum og samfélaginu.

- Einstaklingar geta orðið meðvitaðri um eigin færni og fengið hana skráða og viðurkennda þannig að það leiði til áframhaldandi náms eða starfs (valdeflingar og starfshæfni).
- Samfélagið og vinnumarkaðurinn geta fengið aukið aðgengi að færni einstaklinga og þannig hækkað færnistig samfélagsins. Það eykur hreyfanleika, sameiningu og vöxt (hreyfanleika og sveigjanleika).

Raunfærnimat nýtur forgangs í Evrópu eins og sjá má á skuldbindingu, umfangi og samræmi í menntastefnu Evrópu og í tilmælum Ráðherraráðs ESB¹⁴.

Raunfærnimat er hluti af ævinámi, hugtak sem hefur verið á dagskrá menntastefnunnar í mörg ár. Það er augljóst, ekki aðeins í stefnum og áætlunum alþjóðlegra stofnana eins og UNESCO, OECD, ESB og IMF¹⁵, heldur einnig í stefnum og áætlunum Norðurlandanna fyrir öll stjórnsýslusvið. Ævinámi er lýst sem jákvæðri og eflandi reynslu sem allir ættu að hafa aðgengi að, þar sem grundvallarreglan er að einstaklingar hafi getu til símenntunar. Þegar raunfærnimat er tengt við ævinám verður að taka tillit til fleiri en eins sjónarhorns. Horfa má á ávinning einstaklingsins frá mörgum sjónarhornum:

14 Tilmæli Ráðherraráðs ESB frá 20. desember 2012 um mat á óformlegu og formlausu námi. 2012/C 398/01: www.cedefop.europa.eu/EN/Files/Council_Recommendation_on_the_validation_20_December_2012.pdf
[http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=celex:32012H1222\(01\)](http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=celex:32012H1222(01))

15 UNESCO Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, OECD Efnahags- og framfarastofnunin, IMF Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn

” Áhersla er einnig lögð á mikilvægi þess að lykilhagsmunaaðilar komi að málum“

- Efnahagsleg – með því að stuðla að auknum tækifærum til að vera í/fá starf (starfshæfni) og stytta námstíma
- Samfélagsleg – hvatning, aðlögun og vald fólksins yfir eigin lífi (valdefling)
- Námsleg – nám og starf, aðgengi að símenntun
- Borgaraleg – lýðræðislegt ferli og ákvarðanataka

Tilmæli Ráðherraráðs ESB undirstrika mikilvægi þess að virkja gagnkvæman lærdóm, miðlun reynslu og að komið sé á þróunarverkefnum og fyrirmyndardæmum. Einnig er lögð áhersla á að hafa lykilhagsmunaaðila með í ráðum, meðal annars fræðsluaðila og önnur félög sem vinna með ráðgjöf og nám, þriðja geirann og atvinnulífið.

HUGTÖK OG RAMMAR

Raunfærnimati er lýst á mismunandi vegu: Í Noregi og Danmörku er hugtakið „viðurkenning á raunfærni“ (anerkendelse

af realkompetenser) notað, á meðan önnur lönd nota hugtakið „validation“ (validering), en það er einnig notað í Norrænu samhengi¹⁶. Í enskum textum eru ýmis hugtök notuð sem ná til sama efnis. Í enskri útgáfu Vegvísisins höfum við kosið að nota hugtakið Validation of Prior Learning (VPL) þrátt fyrir að einnig séu nýtt víða hugtökin Accreditation of Prior Experiential learning (APEL), Recognition of Non-Formal and Informal Learning (RNFIL) og Validation of Non-Formal and Informal Learning (VNFIL). Norðurlöndin styðjast jafnframt við evrópsk grundvallaratriði sem kynnt voru 2004 (Common European Principles on Identification and validation of non-formal and informal learning¹⁷) og Evrópskar leiðbeiningar frá 2008 og 2015¹⁸. Eftirfarandi grundvallaratriði eru dregin fram:

- Réttur einstaklingsins. Það er í grunninn valkvætt að taka þátt í raunfærnimati í gegnum jafnt aðgengi og jafna og sanngjarna meðhöndlun.

16 Hult Å o Andersson P Validering i de nordiska länderna, Policy och praktik, 2008, NVL

17 www.cedefop.europa.eu/en/events-and-projects/projects/validation-non-formal-and-informal-learning/Europe-an-inventory

18 CEDEFOP (2009): European guidelines for validating non-formal and informal learning. Office for Official Publications of the European Communities, Luxembourg 2009, chapter 6.1 and appendix 6, table 4

- Skyldur hagsmunaaðila. Hagsmunaaðilar ættu (í samræmi við þeirra rétt, ábyrgðarsvið og færni) að koma á kerfum og aðferðum fyrir skilgreiningu og mat á óformlegu og formlausu námi. Hagsmunaaðilar ættu að veita leiðsögn, ráðgjöf og upplýsingar til einstaklinga um þessi kerfi og aðferðir.
- Trúnaður og traust. Ferlin, aðferðirnar og viðmiðin fyrir skilgreiningu og mat á óformlegu og formlausu námi verða að vera sanngjörn, gagnsæ og grundvölluð á gæðaeftirliti.
- Trúverðugleiki og lögmæti. Kerfi og aðferðir fyrir skilgreiningu og mat á óformlegu og formlausu námi ættu að virða lögmæta hagsmuni og tryggja jafnvægi í þátttöku tengdra hagsmunaaðila.
- Réttmæti: Er sú færni sem verið er að meta sú færni sem ætlunin er að meta?
- Öryggi og trúnaður: Er hagur þátttakandans í ferlinu hafður að leiðarljósi?
- Viðmið/vísanir: Eru matsviðmiðin viðeigandi og námsþrep vel skilgreind?
- Sjálfbærni: Mun ferlið vera virkt til framtíðar og í takti við þann tíma og fjármagn sem þörf er á?
- Sýnileiki/gagnsæi: Er ferlið almennt skiljanlegt og leiðir til víðtækari viðurkenningar á færni einstaklingsins?
- Hæfi út frá tilgangi: Endurspeglar ferlið aðstæður og áætlanir einstaklingsins?
- Kostnaðarskilvirkni: Má aðlaga ferlið þannig að ávinningurinn (persónulegur og fjárhagslegur) sé í samræmi við kostnað?

Mikilvæg hugtök fyrir eiginleika/einkenni ferla sem tengjast raunfærnimati eru: ¹⁹

- Áreiðanleiki: Myndi endurtekið mat veita við sömu aðstæður veita sömu niðurstöður?

19 Observal-Net: The Structure of Validation Procedures
- www.observal-net.eu/documents/uk-formal-documents-7-structure-validation-procedures

Fulltrúar frá löndunum í sérfræðinganeti NVL um raunfærnimat:

Danmörk:

Kirsten Aagaard og Stine Hohwü Christensen

Finnland:

Anni Karttunen og Johanna Niemi

Ísland:

Fjóla María Lárusdóttir og Haukur Harðarson

Noregur:

Åge Hanssen og Camilla Alfsen

Svíþjóð:

Per Andersson og Pär Sellberg

Færeyjar:

John Dalsgarð

Grænland:

Janus Chemnitz Kleist

Álandseyjar:

Peter Strandvik

NVL: NVL-umsjónarmaður í Svíþjóð

Asta Modig / Svante Sandell

Þeir ferlar sem móta tilmæli Evrópusambandsins fyrir mat á óformlegu og formlausu námi sem sett voru fram í desember 2012 eru eftirfarandi:

1989 – ECTS

2002 – Copenhagen process

2006 – Youthpass

2008 – EQF

2009 – Guidelines for VNFIL, Education 2020, ECVET, EQAVET, EU's youth strategy

2010 – Bruges Communication

2011 – Agenda for adult learning, Modernizing HE

2012 – Europa 2020, Recommendation for VNFIL



www.nvl.org

Raunfærnimat